

## Skýrsla um sjálfsmat í Djúpavogsskóla veturinn 2012-2013

### Inngangsorð

Þann 1. ágúst 2011 var Djúpavogsskóli stofnaður, en hann samanstendur af þeim þremur skólum sem áður störfuðu í sveitarfélaginu, þ.e. Grunnskóla Djúpavogs, Leikskólanum Bjarkatúni og Tónskóla Djúpavogs. Einn skólustjóri stýrir hinum nýja skóla. Þessi tvö fyrstu skólaár hefur verið unnið að því að samræma starf skólann þriggja og auka samstarf enn frekar en verið hefur.

Þessi skýrsla fjallar um sjálfsmat grunnskólans. Grunnskólinn er einsetinn heildstæður skóli með tæplega 60 nemendur úr dreifbýli og þéttbýli Djúpavogshrepps. Í skólanum er lögð mikil áhersla á samkennslu, samvinnu og þverfaglega vinnu nemenda og kennara. Mikil áhersla er lögð á að nýta hið stórkostlega umhverfi sem skólinn er staðsettur í, bæði við leik og störf.

Mikil samvinna er milli skólans, Umf. Neista, tónskólans og Djúpavogshrepps. Nemendur mæta í skólann kl. 8:05 að morgni og hafa lokið íþróttá- og tónlistarnámi að stærstum hluta kl. 15:00. Nemendum úr dreifbýli er ekið í skólann að morgni og þeir síðan sóttir kl. 15:40. Þá er sveitarfélagið í samstarfi við Hótel Framtíð og býður upp á niðurgreiðslu á heitum máltíðum í hádeginu á sanngjörnu verði.

Grunnskólinn er einstakur skóli. Samheldni starfsfólks, nemenda og forráðamanna er mjög mikil og er það sameiginlegt markmið okkar allra að hér líði öllum vel og að allir fái menntun við hæfi. Þarfir einstaklingsins eru hafðar í fyrirrúmi, en að sama skapi er lögð mikil áhersla á samvinnu og samkennd. Maður er manns gaman og það á svo sannarlega við hér hjá okkur.

Í skólanum fer fram fjölbreytt starf og við erum í sífellu að auka gæði náms og kennslu og erum við alltaf að bæta við nýjum kennsluháttum. Síðustu skólaár höfum við lagt sérstaka áherslu á umhverfis- og grenndarnám. Stefnt er að því að tengja starf skólans sem mest við umhverfi hans og fyrri reynslu nemenda, svo þeir hafi forsendur til að meta uppruna sinn og umhverfi að verðleikum. Auk þess á allt starf skólans að miða að því að nýta kosti, sérstöðu og séreinkenni byggðarlagsins sem mest. Þá skal stefnt að því að nemendur og starfsfólk skólans verði sér meðvitað um samspil manns og náttúru og temji sér að umgangast allt umhverfi sitt af virðingu og alúð. Því er lögð áhersla á öfluga umhverfisfræðslu sem einkennist af umfjöllun um Djúpavogshrepp, vistfræði sveitarfélagsins og umhverfisvernd. Lögð er áhersla á að nemendur geri sér ljósa grein fyrir mikilvægi verndunar lífræns og lífvana umhverfis og stuðli að því með hegðun sinni að viðhalda þeim möguleikum sem ómenguð og óspillt náttúra býr okkur.

Starfsfólk og nemendur skulu einnig verða meðvitaðir um sögu og menningu sveitarfélagsins síns, atvinnuhætti og sitt nánasta umhverfi. Djúpavogsskóli er Grænánaskóli.

Nemendur og starfsfólk læri að koma fram hverjir við aðra af virðingu, umburðarlyndi og víðsýni, læri að meta séreinkenni hvernar manneskju og hjálpist að við að styrkja hvert annað þar sem það á við.

Sjálfsmat skólans er unnið á þann hátt að skólastjóri skiptir starfsfólki niður í 2-3 vinnuhópa. Hverjum hóp fyrir sig er úthlutað verkefnum skv. þriggja ára áætlun (*fskj. I*). Vinnunni er skipt í tvennt, þ.e. haustönn og vorönn og eru annarskil í lok hvorrar annar. Allir kennarar skólans koma að vinnu við sjálfsmatið og tryggir það að allir séu upplýstir um stöðu mála og að það sem gert er, sé eign okkar allra. Á hverju ári er unnin ný þriggja ára áætlun þar sem unnið er út frá þeim niðurstöðum sem veturinn leiddi af sér. Á hverju vori semur skólastjóri heildarskýrslu fyrir starf vetrarins og sendir hana til sveitarstjórnar og fræðslunefndar til kynningar. Auk þess birtist skýrslan á heimasíðu skólans.

Skýrsla sú sem hér birtist var unnin í júní 2012. Í henni er gert grein fyrir þeirri vinnu sem fram fór skólaárið 2011 - 2012 og þeim niðurstöðum sem vinnuhóparnir komust að. Það sem helst telst til nýbreytni í vinnu sjálfsmatsins er augin þátttaka skólasamfélagsins, en skv. ábendingum frá úttektaaðilum sjálfsmats vantaði þann þátt í sjálfsmatið. Síðasta skólaár voru lagðir spurningalistar fyrir nemendur, starfsfólk og foreldra og var þetta skólaár notað til að vinna úr þeim ábendingum sem þar komu fram. Þeirri vinnu verður haldið áfram skólaárið 2012-2013.

Eins og fyrri skýrslur má finna þessa á heimasíðu grunn- og leikskólans, auk þess sem hún verður send til *fræðslunefndar Djúpavogshrepps* og *sveitarstjórnar Djúpavogshrepps* til kynningar.

Heimasíða skólans er: <http://www.djupivogur.is/grunnskoli> og heimasíða leikskólans er: <http://www.djupivogur.is/grunnskoli>

## **Veturinn 2012 – 2013 - Grunnskólinn**

### **VERKEFNI HAUSTANNAR**

Haustið 2012 var vinnu við sjálfsmat fram haldið. Verkefni haustannar voru eftirfarandi:

- a) **GRENDARNÁM OG KEPPNISDAGAR**  
Unnur M. Jónsdóttir, Þórunnborg Jónsdóttir, Lilja Dögg Björgvinsdóttir, Guðný Ingimundardóttir
- b) **ÁRSHÁTÍÐ OG SAMSTARF VIÐ ERLENDA SKÓLA**  
Berglind Einarsdóttir, Ingibjörg Bára Gunnlaugsdóttir og Rannveig Jóhannsdóttir
- c) **SPURNINGALISTAHÓPUR OG RATLEIKUR**  
Albert Jensson, Þorbjörg Sandholt, Hörður Ingi Þórbjörnsson
- d) **ENDURMENNTUNARSTEFNA SKÓLANS OG AÐRIR ÞÆTTIR AF ÚRBÓTALISTA**  
Halldóra Dröfn Hafþórsdóttir, Ólafur Björnsson

Hóparnir unnu skv. skipulagi á haustönninni og hittust síðan á skilafundi í janúar 2013. Þar var milliskýrslum skilað inn og má sjá helstu niðurstöður og tillögur til úrbóta hér á eftir. Eftir umræður var ákveðið að halda sjálfsmatsvinnunni áfram og skilafundur ákveðinn í júní.

### 1. **GRENNDARNÁM OG KEPPNISDAGAR**

Markmið með vinnu hópsins var að fara yfir grenndarnámið og setja markmið við hvern námsþátt á hverju aldurstigi fyrir sig. Hópurinn bjó til hugarkort sem hann sýndi á milliskilafundinum og ætlar síðan að vinna áfram með það og markmiðssetninguna á vorönninni.

Hópurinn hittist alls sjö sinnum á haustönninni.

### 2. **ÁRSHÁTÍÐ OG SAMSTARF VIÐ ERLENDA SKÓLA**

Hópurinn hittist þrisvar sinnum fyrri jól. Verkefni hópsins var að gera móttökuáætlun fyrir erlenda nemendur. Fyrst var spjallað og skrafað um hvað ætti að vera í slíku plaggi en síðan skipti hópurinn með sér verkum og skoðaði sambærilegar áætlanir í öðrum skólum. Á næsta fundi var skipst á skoðunum um hvað hentaði best Djúpavogsskóla og gerð drög að móttökuáætlun. Aftur skipti fólk með sér verkum. Áætlunin var kláruð og gerð eyðublöð sem fyllt eru út við innritun.

### 3. **SPURNINGALISTAHÓPUR OG RATLEIKUR**

Hópurinn hittist þrisvar sinnum fyrir jól. Markmið með vinnu hópsins var að búa til bruna- og slysavarnaráætlun fyrir grunnskólann. Á fundum hjá hópnum, var farið yfir vinnufyrirkomulag vetrarins, ákveðið að kynna sér áætlanir annars staðar frá og nýta úr þeim það sem hentaði okkar skóla.

### 4. **ENDURMENNTUNARSTEFNA SKÓLANS OG AÐRIR ÞÆTTIR AF ÚRBÓTALISTA**

Hópurinn fór yfir úrbótalistann og kynnti hvaða verkefnum væri lokið og hvaða verkefni væru enn útistandandi.

## **VERKEFNI VORANNAR**

Á vorönn héldu hóparnir áfram vinnu sinni.

### 1. **GRENNDARNÁM OG KEPPNISDAGAR**

Á vorönninni hélt hópurinn áfram vinnu sinni. Alls voru haldnir þrjú fundir. Á skilafundi í júní hafði hópurinn klárað hugarkortið og var kominn af stað með þrepamarkmiðssetningu fyrir:

- a) 1.-4. bekk
- b) 5.-7. bekk
- c) 8.-10. bekk.

Hópurinn hafði einnig sett niður þá þætti sem kenna skal í grenndarnámi grunnskólans, en þeir eru:

Atvinnuhættir, byggingar, dýr, flóra, fólk, höfnin, landslag, listamenn og hönnuðir, matur, saga, tækniþróun, örnefni. Stefnt er að því að halda áfram markmiðssetningu í sjálfsmatsvinnu næsta skólaár. Einnig var rætt um mikilvægi þess að einhver einn kennari héldi utan um grenndarnámið og jöfnum höndum væri útbúin „gagnamappa“ þar sem öllum upplýsingum og kennslugögnum væri safnað saman.

### 2. **ÁRSHÁTÍÐ OG SAMSTARF VIÐ ERLENDA SKÓLA**

Eftir áramót var farið að vinna að hugmyndamöppu fyrir kennara sem kenna erlendum nemendum. Hópurinn skiptist á reynslusögum og leitaði til annarra kennara sem hafa reynslu af því að kenna erlendum nemendum. Í möppunni er listi yfir bækur sem gott er að nota, hugmyndir og vefslóðir frá Huldu Karen Daníelsdóttur kennsluráðgjafa, bæklingar og fleira. Það er ljóst að svona mappa er aldrei tæmandi og líklegt að eitthvað verði úrelt með tímanum. Þess vegna er mikilvægt að uppfæra hana reglulega. Einnig þarf að minna reglulega á hana svo hún verði ekki rykfalið hillustáss.

### 3. SPURNINGALISTAHÓPUR OG RATLEIKUR

Hópurinn hittist fjórum sinnum eftir jól. Á skilafundi vorannarinnar var fullbúin bruna- og slysaáætlun afhent. Hópurinn fór yfir hana og rætt var um framkvæmd.

Góðar hugmyndir komu fram á fundinum, t.d. að í hverri stofu verði nafnalisti með nemendum sem kennari kippir með þegar farið er út úr stofunni og þannig hægt að hafa „örugt“ nafnakall.

Þá var rætt um mikilvægi þess að kynna þetta fyrir nemendum og starfsfólki í haust og að fá starfsfólk frá Brunavörnum Austurlands í heimsókn í haust til að hafa æfingu.

### 5. ENDURMENNTUNARSTEFNA SKÓLANS OG AÐRIR ÞÆTTIR AF ÚRBÓTALISTA

Úrbótalisti frá 2011 uppfærður og nýr úrbótalisti útbúinn (*fskj. 2*)

## Veturinn 2012 – 2013 - Leikskólinn

### VERKEFNI VETRARINS

Skólaárið 2011-2012 var lagður spurningalisti fyrir alla hópa í leikskólanum, þ.e. starfsfólk, nemendur og foreldra. Þegar unnið var úr honum komu fram margar athugasemdir sem tekið hefur verið tillit til og reynt að lagfæra eftir bestu getu. Aðeins eitt atriði stendur útaf þeim lista og það snýr að forföllum starfsfólks. Reynt verður áfram að leysa það næsta vetur.

Haustið 2013 verður sambærilegur spurningalist aftur lagður fyrir leikskólasamfélagið og unnið með þá þætti sem þarf þegar búið er að fara yfir þær athugasemdir sem berast.

### Lokaorð

Á skilafundi starfsfólks grunnskólans, sem haldinn var 4. júní 2012 kom fram að mikil vinna hefur farið fram í vetur. Það er alltaf gaman á skilafundum sjálfsmatsins. Þá áttum við okkur á því hversu mikilvægt sjálfsmatið er í starfi skólans og hversu miklar framfarir hafa orðið á starfseminni vegna þess.

Í leikskólanum var enginn formlegur skilafundur. Aðalvinnan við að lagfæra úrbótalistan frá vorönn 2012 hefur verið á herðum skólastjóran. Sjálfsmatið var þó rætt á tveimur starfsmannafundum sl. skólaár, auk þess sem skólastjóri kynnti jafnóðum þau atriði sem lagfærð höfðu verið.

Djúpivogur, 9. maí 2014

**Fylgiskjöl:**

Fylgiskjal 1	Þriggja ára áætlun 2013 – 2016
Fylgiskjal 2	Úrbótalisti grunnskólans, samantekt vor 2013
Fylgiskjal 3	Úrbótalisti leikskólans, samantekt vor 2013

**Heimildaskrá**

*Sjálfsmat skóla.* Leikskólar, grunnskólar og framhaldsskólar. 1997. Menntamála-  
ráðuneytið